

Mánudaginn 31. janúar 1938.

Nr. 116/1937. Valdstjórnin (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Lovise Skaug Steinholt

(Eggert Claesen).

Atvinnuréttindi.

Varadómari prófessor Ísleifur Árnason í forföllum hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt upplýsingum þeim, sem fram eru komnar í máli þessu, þykir verða að telja til heimilisiðnaðar þá framleiðslu kærðu á heimabökuðum kökum, sem hún hefir selt í verzlun sinni og um ræðir í málinu. Fyrirmæli gildandi löggjafar um heimilisiðnað og heimild til sölu hans eru fremur óglögg, og verður ekki hjá því komizt að gera nokkra grein fyrir þeim. Í 1. gr. laga um iðju og iðnað nr. 18/1927 er greint á milli iðju annarsvegar og handiðnaðar og heimilisiðnaðar hinsvegar, en hvorki kemur þar fram né annarstaðar í lögnum skilgreining á því, hvað sé handiðn og hvað heimilisiðnaður. Í II. kafla laganna eru ákvæði um iðnað, og var upphaflega tekið fram berum orðum í 13. gr., sem sá kafli hefst á, að þar sé átt við annan iðnað en heimilisiðnað, eða með öðrum orðum, að ákvæði kaflans eigi einungis að ná til þeirrar starfsemi, sem í 1. gr. laganna er nefnd handiðn til aðgreiningar frá heimilisiðnaði, sbr. og tilvitnun 13. gr. laga nr. 18/1927 til 1. gr. sömu laga. Heimilisiðnaður var þannig öllum frjáls samkvæmt nefndri 13. gr. En til þess að stunda handiðn þurfti iðnbréf í kaupstöðum landsins, en frá því voru þó gerðar tvær

undantekningar í 13. gr., og var önnur þeirra um þá, sem einungis ráku iðnað með aðstoð maka síns og barna undir 21 árs aldri, en hin um ýmsar opinberar stofnanir.

Með lögum nr. 105/1936 var gerð breyting á fyrrnefndum lögum um iðju og iðnað nr. 18/1927. Í 1. gr. laga nr. 105/1936, sem fjallar um breytingu á 13. gr. laga nr. 18/1927, er tekið fram, að iðnaður heiti í lögum þessum hver sú grein *handiðnaðar*, sem sérnám þarf til, og lætur gera sjálfstætt sveinspróf samkvæmt reglugerð um iðnaðarnám. Takmörkun sú, sem lögin gera á heimild manna til að stunda iðnað, virðist því eingöngu eiga við handiðnað. Hinsvegar er í lögum nr. 105/1936 ekki minnt á heimilisiðnað, hvorki á þann veg, að hann sé leyfður né bannaður. En þar sem hugtökin handiðn og heimilisiðnaður voru áður aðgreind samkvæmt hinni upphaflegu 13. gr. laganna, og eru það enn samkvæmt 1. gr. þeirra, og með því að ákvæði II. kafla laganna taka nú aðeins til handiðnaðar samkvæmt skýrum orðum 1. gr. laga nr. 105/1936, þá verður ekki talið heimilt að skýra síðastnefnd lög á þá leið, að þau nái einnig til heimilisiðnaðar og banni öðrum að stunda hann í sölu skyni en meisturum, sveinum og nemendum, eftir því sem nánar er tiltekið í lögnum, að því er varðar handiðnað. Í samræmi við þetta verður að skýra orðið „iðnaðarvinnu“ í síðasta málslið 2. gr. laga nr. 105/1936 sem þar stæði „handiðnaðarvinnu“, og á þá undantekningin, sem þar um ræðir, aðeins við handiðnað, en snertir ekki heimilisiðnað frekar en undantekningarnar í 1. og 2. tölulið hinnar upphaflegu 13. gr. laganna, eins og áður er minnt á.

Að áliti réttarins hefði þurft skýrari heimild en

hér er fyrir hendi til þess að álykta mætti, að svo gagngerð breyting hefði verið gerð á aldagömlu ástandi í landinu, að heimilisiðnaður í sölu skyni, sem verið hefir alveg frjáls, væri nú algerlega bannaður í mörgum mikilvægum greinum, jafnt til sjávar og sveita. Og þar sem gildandi iðnaðarlöggjöf verður ekki samkvæmt framansögðu talin fela í sér slíkt bann, þá verður ekki álitid, að kærða hafi með þeim verknaði, sem henni er gefinn að sök í máli þessu, gerzt sek við refsíakvæði laga. Ber því að sýkna hana af kærum valdstjórnarinnar í málinu.

Eftir þessum málsúrslitum verður að leggja á ríkissjóð greiðslu alls sakarkostnaðar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 100 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærða, Lovise Skaug Steinholt, á að vera sýkn af kærum valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Eggerts Claessen, 100 krónur til hvors.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 13. sept. 1937.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn frú Skaug Steinholt, til heimilis Laufásvegi 2 hér í bæ, fyrir brot gegn lögum um iðju og iðnað nr. 18 1927 og lögum um breytingar á þeim lögum nr. 105 1936.

Kærð er komin yfir lögaldur sakamanna, talin fædd 4. okt. 1901 í Noregi. Henni hefir ekki, svo kunnugt sé, verið refsað.

Mál þetta er tekið fyrir eftir kæru Bakararveinafélags Íslands, sem með bréfi dags. 16. nóv. s. l. kvartaði yfir því, að nokkrar konur hér í bæ rækju svokölluð „heimabakarí“, og taldi félagið þau rýra atvinnumöguleika bakara með iðnréttindum og væru rekin þvert ofan í ákvæði gildandi löggjafar um iðnað.

Hinn 29. júlí 1931 opnaði kærð verzlun hér í bænum með kökur og allskonar fiskmeti og kjötmeti, svo sem fiskfars, kjötfars og þessháttar. Verzlunina hefir hún rekið síðan og um lokunartíma farið eftir gildandi ákvæðum um lokunartíma brauðsölubúða.

Vörur þær, sem hún hefir selt í verzluninni, hefir hún framleitt sjálf, þar á meðal kökurnar. Hefir hún skýrt svo frá, að við þennan atvinnurekstur hefði hún 4 starfsstúlkur og ynni auk þess sjálf við hann. Tvær stúlkunnar vinna försin, ein er í búðinni, ein í ýmiskonar snúningum, en sjálf kveðst hún baka í eldhúsi sínu og hefir til þess sérstakan rafmagnsbökunarofn og rafmagnseldavél, sem hún þó notar jafnframt til heimilisnotkunar og við framleiðslu fiskfarsins.

Kærð hefir gizkað á, að kökusalan hafi numið nú í sumar 20—25 krónum á dag. Í málinu hefir verið lagt fram vottorð frá bókhaldara fyrirtækisins um það, að ekki verði af því séð, hversu miklu kökusalan hafi numið út af fyrir sig. Aftur á móti hefir verið haldið sérstakt bókhald fyrir sölu á kökum, mjólk seldri í glösum, appelsínumarmelade, rabarbara úr garði kærðrar, sildarrétti, salat o. fl. Hefir sala á þessum vörum numið að meðaltali kr. 28.30 á dag frá því árið 1932.

Kærð hefir ekki iðnréttindi í bakaraiðn eða kökugerð, en hefir skýrt svo frá, að hún hefði próf frá norskum skóla sem kennslukona í matreiðslu. Hún hefir haldið því fram, að kökur þær, er hún framleiðir, séu allt öðru vísi en tíðkast að baka í bakaríum. Af kökum, sem hún bakar, hefir hún skýrt frá þessum tegundum: vinarbrauð, vinarterturt, pönnukökur og margar tegundir af smákökum.

Af hálfu kærðrar hefir því verið haldið fram sem varn-

arástæðu í málinu, að þessi starfsemi hennar við köku-
bakstur falli undir heimilisiðnað, en ekki iðnað, eins og
hann er skilgreindur í lögum nr. 105 1936 13. (sic) gr. Á
þetta verður ekki fallizt. Kærð rekur þessa starfsemi sína
sem ákveðinn starfsþáttur í iðju- og verzlunarfyrirtæki sínu,
umsetning varanna er allveruleg, kökurnar eru saldar undir
sömu nöfnum og framleiðsla almennra bakara gengur
undir, og verður eftir atvikum að ganga út frá, að starf-
semin sé í beinni samkeppni við bakara í bænum. Verður
ekki hjá því komizt að telja hana falla undir bakaraiðn
og kökugerð samkvæmt 13. (sic) gr. laga nr. 105 1936
sbr. reglugerð nr. 87 1928.

Hefir kærð því með því að taka upp og stunda þessa
starfsemi, án þess að fullnægja skilyrðum laganna um iðn-
réttindi, gerzt sek við 15. gr. 1. tölulið laga nr. 105 1936.
Þykir refsing hennar hæfilega ákveðin 100 króna sekt til
rikissjóðs, er greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms
þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 7 daga.

Þá ber og að dæma hana til að greiða innan sama tíma
kr. 50.00 sem vangoldið leyfisgjald til rikissjóðs. Loks
skal kærð greiða allan kostnað sakarinnar, þar á meðal
málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Eggerts Claes-
sen hrm., er ákveðast kr. 35.00.

Talsmaður kærðrar hefir í vörn sinni haldið því fram,
að meðferð máls þessa hafi ekki verið lögleg, þar sem
ekki hafi verið leitað í því umsagnar iðnráðs fyrir Reykja-
vík, eins og gera beri samkvæmt 11. gr. laga nr. 105 1936.
Rétturinn litur svo á, að með ákvæði nefndrar greinar séu
iðnráðinu ekki fengin nein afskipti af dómsstörfum í iðn-
aðarnámum, heldur eigi ákvæðin einungis við „admin-
istrativ“ störf lögreglustjóra samkvæmt löggjöfinni um
iðnað og iðnaðarnám. Litur því rétturinn svo á, að með-
ferð málsins að þessu leyti sé lögmat. Einnig að öðru leyti
hefir málið verið löglega rekið. Fyrir drætti þeim, sem orð-
ið hefir á því, er gerð grein í prófunum.

Því dæmist rétt vera:

Kærð, frú Skaug Steinholt, skal greiða 100 króna
sekt til rikissjóðs.

Sektin greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms
þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 7 daga.

Kærð greiði innan sama tíma 50 krónur í leyfisgjald til rikissjóðs.

Kærð greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Eggerts Claessen hrm., kr. 35.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 4. febrúar 1938.

Nr. 1/1937. **Jón Gíslason** (Lárus Jóhannesson)
gegn

Kristjáni Ásgrímssyni og gagnsök
(Garðar Þorsteinsson).

Ágreiningur um greiðslu ýmsra kostnaðarliða vegna félagsútgæðar.

Varadómari prófessor Ísleifur Árnason í forföllum hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu útg. 5. jan. f. á. og krafizt þess hér fyrir réttinum, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt á þá leið, að hann verði algerlega sýknaður gegn því að greiða gagnáfrýjanda kr. 103.81, án vaxta og málskostnaðar. Jafnframt hefir hann krafizt málskostnaðar fyrir undirrétti og hæstarétti eftir mati réttarins.

Gagnáfrýjandi hefir og, að fengnu áfrýjunarleyfi dags. 30. sept. s. l., skotið málinu til hæstaréttar með stefnu útg. 6. okt. f. á. og gert þær réttarkröfur fyrir hæstarétti, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 712.51, ásamt vöxtum, eins og í hinum áfrýjaða dómi segir, svo og málskostnað fyrir